LANDSBÓKASAFN

„Sök má í salti liggja.“

Hinir ágætu gjörðarmenn í Bárðardal, og presturinn orðalaust með þeim, hafa þulið langa rollu á 9. og 10. bls. tímaritsins Norðra ár 1857, til að verja gjörðir sínar í makaskiptamálinu milli Halldórsstaða og Eyjadalsár, og hefir þeim tekizt það eins vel og við var að búast af slíkum mönnum. Það var bágt, fyrst þeir tóku svo mikið rúm úr blaði voru Norðlendinga, að þeir skyldi sneiða hjá öllum höfuðatriðum málsins, en verja mælsku sinni — því mælskir er þeir — til að snúa út úr og hártoga að raunarlausu. Þeir tala í ritgjörð sinni mikið um „Skollavað,“ sem ranglega hafði verið prentað fyrir „Tröllavað“, er það heitir. Sömuleiðis fara þeir mörgum orðum um það, að fasteign höfundarins hrykki ekki í annan gaflinn, ef sú nýja kirkja væri rifin, sem nú stendur á Lundarbrekku og önnur ný byggð – meiningin yfir allt Lundarbrekku land —, en færa ekkert því til sönnunar, að Halldórsstaðir sje áfallajörð og ekki hálfgildi Eyjadalsártorfunnar í sumu, sem sýndist þó nokkru varða.

Ósannindi og yfirhylming gjörðarmanna er svo víða í ritgjörð þeirra, að jeg vil ekki þreyta lesandann á því, að tína það allt saman hvað fyrir sig; en skylt finn jeg mjer að gjöra það fyrir gjörðarmenn, að koma afreksverkum þeirra í

1

þessu efni fyrir almennings sjónir, einkum þar þeir segja í ritgjörð sinni, að það fari ávalt bezt á því, að gjörðir manna liggi fyrir almennings sjónum.

Strax þegar brjefið kom frá byskupi um það, að makaskiptin mætti fram fara, fleygðu gjörðarmenn beneficiistaðnum Eyjadalsá með túni, sem er hjerumbil 20 dagsláttur og gjörir um 5 kúa fóður, ásamt engi að því skapi, og 50 rd. betur úr hjáleigunni Hlíðarenda, fyrir 6 hundruð úr áfallajörðunni Halldórsstöðum, sem túnpartur fylgdi, er gjört hefði eitt kýrfóður og engi að því skapi, en hjáleiguna Hvarf með allri Eyjadalsáreyju og 50 rd. úr hjáleigunni Hlíðarenda ljetu þeir gilda fyrir önnur 6 hundruð úr Halldórsstöðum; en það sem þá var eptir úr Hlíðarenda ætluðu þeir að láta gilda fyrir part þann, er bóndinn Bergvin Einarsson á Sandvík átti í Halldórsstöðum. Sömuleiðis seldu þeir Eyjadalsár kirkju út úr prestakallinu, sem þjenað hafði til drottins dýrkunar síðan á Grettis tíð og er mælt, að þeir hafi svo ákveðið, að kirkjuráðandinn Jón Sigurðsson á Lundarbrekku skyldi eiga andvirði hennar fyrir það, að hann leyfði að messu mætti flytja hvern sunnudag á Lundarbrekku. En þegar messað hafði verið fimm sinnum hvern sunnudag eptir annan, þá seldi kirkjuráðandinn Jón Sigurðsson eignarjörð sína Lundarbrekku herra prófasti Halldóri Björnssyni á Sauðanesi fyrir 1100 spesíur, og afhenti hann prófasti Lundarbrekku kirkju og alla hennar reikninga, en hjelt sjálfur Eyjadalsár

kirkjuverði og eign hennar, sem mælt er að numið hafi 174 rd.

Að vísu hefir nú prófastur, prestur og gjörðarmenn játað það, að brauðið hafi rýrzt við makaskiptin, en hvað mikið hafa þeir ekki viljað upp kveða; en það er bezt að sjá það af áliti og verkum gjörðarmanna sjálfra. þeir álíta fjórða partinn úr Halldórsstöðum í ritgjörð sinni borgaðan með 400 rd., og þá verður öll jörðin eptir því 1,600 rd. virði, sem mun fullmikið vera. þegar makaskiptaleyfið var fengið og gjörðarmenn vildu tala satt, virtu þeir og seldu hjáleiguna Hlíðarenda, sem er milli þess að vera fimmtungur og sjöttungur úr allri Eyjadalsár torfunni á 500 rd.; verður þá eptir því öll Eyjadalsár torfan 2,667 rd., og hafa þá gjörðarmenn rýrt brauðið eptir sjálfra þeirra mati um 1,067 rd. og þó er hjer ekki þess getið, að hálf Eyjadalsársókn gekk undan prestakallinu til þóroddsstaða-prestakalls, nje heldur tilkostnaðarins til að koma makaskiptunum á, sem verið hefði, ef gjörðarmenn hefði haldið orð sín við Bergvin Einarsson, 730 rd.

Ávöxtur sá, sem í ljós er kominn af makaskiptunum í andlegu tilliti, er sá, að engin embættisgjörð hefur framfarið í prestakallinu 30 vanalega messudaga yfir ársbringinn, sem aldrei hefur fyr við borið í minni þeirra sem nú lifa, og fólk það, sem var í bezta lagi kirkjurækið í Eyjadalsár kirkjusókn meðan kirkjurnar voru tvær, hefir sumt ekki komið í guðshús allan veturinn, en sumt einu sinni, og margt af fólki í presta-

kallinu, sem aldrei tók sakramenti á næstliðnu hausti; svo það er orðin sú raun á, að makaskiptin hafa verið einmitt til þess, að rýra fátækt brauð og sóa til þess mörgum hundruðum dala, eður 1,797 rd., skerða guðsdýrkunina og gjöra prestinn óverðugri launa sinna en áður. Engu að síður komast gjörðarmenn þannig að orði: „að þeir álíti þessa breytingu horfa til bóta fyrir prestakallið og allt sóknarfólkið nema kirkjubóndann á Lundarbrekku;“ en þó hlýtur það að liggja í augum uppi, að ekki gat það verið þeim til góða nje gagns, sem presturinn fluttist frá svo langt, að þeir verða að fara á mis við opinbera guðsdýrkun meiri hluta hvers árs, og eiga tíu sinnum erviðara að ná til prests þegar á liggur. Mjer er því óskiljanlegt, hvernig prófastur sjera Halldór Björnsson gat farið að gefa samþykki sitt til makaskipti þessara, því öll líkindi voru til þess, að hann hefði verið svo kunnugur, að hann hefði mátt sjá, að hentugri voru tvær kirkjur en ein í prestakalli því, sem er nærfellt þingmannaleið á lengd og meir en ein míla vegar á milli sumra bæja, einkum þegar fram eptir dalnum dregur, og ekki sízt þegar presturinn situr svo framarlega í prestakallinu, að ekki eru nema tveir bæjir fyrir framan hann til öræfa eptir fjallshlíðinni. Þó komast gjörðarmenn svo að orði í bænarskránni til byskups: „að Halldórsstaðir liggi í miðju prestakallinu; enda gat það nú verið ástæða ef satt hefði verið.

Eitt er það enn í makaskipta máli þessu, er jeg ekki get álitið sanngjarnt eða hreinlega að farið: Prestur hafði lofað áður nefndum Bergvin Ein-

arssyni undir vitni, að hann skyldi engan halla hafa af því, þó hann ljeti hundruð sín til prestakallsins; en í stað þess að efna þetta, ætluðust gjörðarmenn til þess, að hann gjörði sig ánægðan með andvirði nokkurs hluta úr hjáleigunni Hlíðarenda (nefnil. 400 rd. í peningum), sem þó er öll, eins og áður er sagt, milli þess að vera 5. og 6. hluti Eyjadalsártorfunnar, en Bergvin átti þó með rjettu fjórða part hennar, sem eptir sölu og mati gjörðarmanna verða 666 rd. 72 sk.; lítur þetta því lakar út, þar eð Bergvin er fjölskyldumaður og einhver hinn fátækasti, því ekki verður annað sjeð en þeir hafi snuðað hann í makaskiptunum um 266 rd., 72 sk. hafi makaskiptin fengizt að sljettu eins og gjörðarmenn segja í ritgjörð sinni.

það er nú auðsjeð með hvílíkum halla fyrir prestakallið, að makaskipti þessi eiga að heita komin á, og lá þó annar beinni og betri vegur til þess, nefnilega: að selja Eyjadalsártorfuna fyrir 3000 ríkisdali eins og fyrir hana hefir verið boðið, en kaupa aptur Lundarbrekku fyrir 2,200 rd. eins og prófastur Halldór Björnsson fjekk hana keypta, og gjöra hana að beneficiistað, hefði þá fengist 800 rd. á milli staðanna, og þó er Lundarbrekka 5 bænda býli og sú langmesta jörð í öllu prestakallinu; auk þess að það hagar miklu betur, að prestur sitji þar heldur en fyrir vestan fljótið, því það er hálf snubbótt þegar menn eru búnir að ferðast langar leiðir til kirkju sinnar, að þá sjest enginn presturinn, sem við hefir borið. þetta eru nú sóknarmenn farnir að sjá, og sumir að láta sjer

um munn fara, að þörf væri á að hafa makaskipti á Halldórsstöðum og Lundarbrekku; en það er uppástunga og gáta manna, að ekki mundi veita af 900 rd. á milli þeirra jarða, og yrði þá brauðið rýrt og sóun til þess 2,697 rd.

það má því hver sem vill dæma um það eptir vild sinni, hvort einum einstökum sóknarmanni sem ekki vildi fallast á meðferð þessa á fátæku brauði, hafi baggað skortur á mannkærleika. Hann vissi vel, að undirskriptir bænda voru misjafnlega fengnar, hjá einum og einum bónda í senn, bæði með fögrum orðum og enda svikum; álít jeg, að slíkt geti leitt af sjer ranglæti, er yfirboðarar lands vors fylgja yfirvarpi þessu, af því þeir eru ókunnugir öllum málavöxtum, eins og þeir í raun rjettri eru; og það eru líkur til, að í máli þessu hafa stiptsyfirvöldin farið eptir sannkölluðu ósannsögli gjörðarmanna. þetta sem hjer segir, er eitt af afreksverkum gjörðarmanna í Bárðardal og yfirformyndurum lands vors, sem eiga að efla og glæða andlegar framfarir og sjá um að fátæk brauð sje ekki rýrð.

Ef nokkur vill spyrja að því, hvernig presti hefir vegnað þetta ár á Halldórsstöðum, þá er það þannig, að hann hitti fyrir eitt hið bezta grasár, en eigi að síður rak hann sig á engjaskort, og málnytuskort óvanalegan, og að síðustu svo mikinn heyskort, að hann ljet drepa niður nokkuð af fjenaði sínum á föstudaginn og laugarinn fyrir páska, en sumt af fje hans drapst síðar úr hor og varð vargi að bráð, en það sem slórði af lifði á

aðfluttu heyi. Skaðinn yfir árshringinn er mælt að hafi verið með lömbum hundrað fjár og 2 hestar; sannast hjer því málshátturinn: „Að sjaldan fer betur þá breytt er,“ því ekkert af þessu kom fram við hann á Eyjadalsá, enda er þetta einstakt dæmi í öllu prestakallinu.

Ef nokkur treystir sjer til eða vill vefengja orð mín, þá stendur hjer undir nafn mitt alls óduliö.

Litluvöllum í júnímánuði 1859.

Friðfinnur Illugason.

Prentað á Akureyri 1861, hjá H. Helgasyni.

Lbs - Hbs / Þjóðdeild
100718606-5